

STJÓRNARTÍÐINDI B 19 – 1995

27. febrúar 1995

273

Nr. 126

AUGLÝSING

um þingsætatölu kjördæma við kosningar til Alþingis.

Þingsætatala kjördæma samkvæmt a- og b-lið 1. mgr. 5. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987, sbr. lög nr. 9 27. febrúar 1995, skal vera sem hér segir við næstu almennar kosningar til Alþingis:

Reykjavíkurborgkjördæmi	19 þingsæti
Reykjaneskjördæmi	12 þingsæti
Vesturlandskjördæmi	5 þingsæti
Vestfjarðakjördæmi	5 þingsæti
Norðurlandskjördæmi vestra	5 þingsæti
Norðurlandskjördæmi eystra	6 þingsæti
Austurlandskjördæmi	5 þingsæti
Suðurlandskjördæmi	6 þingsæti

Þetta auglýsist hér með samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987, sbr. 2. gr. og I. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 9 27. febrúar 1995 um breytingu á þeim lögum.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um þingsætatölu kjördæma við kosningar til Alþingis, nr. 473 2. október 1991.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 27. febrúar 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

23. febrúar 1995

Nr. 127

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Húsavíkur.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Húsavíkur selur afnot hitaorku úr hitakerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Húsavík og Reykjahreppi eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð staðfestri 25. maí 1970 um hitaveitu og hitalagnir í Húsavík.

Gutenberg

B 20

2. gr.

Hitaveita Húsavíkur lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Vatnsrennsli að húsi verður takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

II. KAFLI

3. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

A. Fastagjald á mánuði fyrir hvern mæli	kr. 226,00
B. Vatnsgjald pr. m ³	kr. 29,77

4. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. gr. verða krafín mánaðarlega, þó er heimilt að láta líða lengri tíma og fækka gjalddögum.

5. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er útgáfudagur reiknings. Gjaldanda ber að greiða reikninginn þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil ef gjöld fyrir afnot skv. 3. gr. eru ekki greidd í síðasta lagi á eindaga. Útgáfudagur, greiðslustaður og eindagi eru tilgreindir á reikningi.

III. KAFLI

6. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Húsavíkur skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

a) Rúmmál húss (utanmál):

Hús allt að 300 m ³	kr. 71.000,00
Hús 300 - 2000 m ³	kr. 71.000,00
Fyrir 300 m ³	kr. 62,36
Á hvern rúmmetra þar yfir.	
Hús stærr en 2000 m ³	kr. 177.000,00
fyrir 2000 m ³	kr. 54,38
á hvern rúmmetra þar yfir.	

b) Sé um óupphitað rými að ræða í atvinnuhúsnæði, svo sem vöruskemmur og því um líkt, skal heimæðargjald einungis reiknað af því rými er hita skal, þó sé lágmarksgjald tekið samkvæmt 300 m³ húsnæði. Verði hið upphitaða rými síðar stækkað þá komi til full gjaldtaka af þeirri aukningu.

7. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

IV. KAFLI

8. gr.

Á gjöldin leggst virðisaukaskattur samkvæmt lögum og reglum á hverjum tíma.

9. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, svo sem heypurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

10. gr.

Öll gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveita Húsavíkur hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný, greiðir sá sem í vanskilum er, kr. 1.980,00 í hvert skipti.

12. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Húsavíkur skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. mars 1995 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 100, 23. febrúar 1993.

Iðnaðarráðuneytið, 23. febrúar 1995.

F. h. r.

Porkell Helgason.

Steinunn Bjarmann.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Húsavíkur.

Raforkuverð - Yfirlit.

A - ALMENNIR TAXTAR.

A.1 Verð á rafmagni til allrar almennrar notkunar, sem eigi er sérstaklega talin hér á eftir:

Orkugjald	6,23 kr/kWh
Fast gjald 1 fasa	2.704,00 kr/ár

A.2 Verð á raforku til heimilisnotkunar:

Orkugjald	6,23 kr/kWh
Fast gjald 1 fasa	2.704,00 kr/ár

A.3 Verð á raforku til mannvirkjagerðar:

Orkugjald	6,23 kr/kWh
Fast gjald 1 fasa	5.046,00 kr/ár